

# Reglur Hveragerðisbæjar varðandi nám í grunnskóla utan heimabyggðar.

## 1. gr.

Nemendur með lögheimili í Hveragerði skulu að jafnaði stunda nám í Grunnskólanum í Hveragerði.

Forráðamaður nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám annars staðar skal senda inn umsókn þess efnis til bæjarskrifstofu fyrir 15. júní á eyðublaði sem þar fæst.

Bæjarstjóri afgreiðir umsóknir sem falla undir þær reglur sem hér eru settar en sé um afbrigði að ræða tekur bæjarráð umsóknina til afgreiðslu. Sé umsókninni synjað af bæjarráði skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi. Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu bæjarstjóra eða bæjarráðs skulu forráðamenn senda afgreiðsluna ásamt umsókn um skólavist til þess sveitarfélags þar sem óskað er eftir að nemandinn stundi nám.

Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan Hveragerðisbæjar. Séu aðstæður þannig að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skal afgreiðslu hraðað sem kostur er. Sé námsvist heimiluð skuldbindur Hveragerðisbær sig til að greiða viðtökusveitarfélaginu skólakostnað skv. viðmiðunarfjárhæðum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérstaklega skal þó samið um greiðslur vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.

## 2.gr.

Í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir Hveragerðisbær ráð fyrir að flytjist lögheimili nemanda til Hveragerðisbæjar eftir að nemandi hefur hafið skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins án þess að til komi greiðslur þess vegna frá hinu nýja lögheimilissveitarfélagi.

## 3. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skólagöngu í Hveragerði af völdum einhverra þeirra ástæðna sem hér greinir:

- Forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemanda í grunnskóla í fyrra lögheimilissveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.
- Flutningur lögheimilis forráðamanna stendur ekki fyrir dyrum. Í þann hóp falla t.d. börn námsmanna, sem tímabundið stunda framhalds- og háskólanám fjarri lögheimili. Börn foreldra með sameiginlegt forræði og börn, sem vegna tímabundinna starfa forráðamanna fjarri lögheimili, þurfa á námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi að halda.

**4. gr.**

Forráðamenn sjái ávallt um allan flutning/akstur nemendans til skólans sem viðkomandi sækir. flutning/akstur nemendans til skólans sem viðkomandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir.

**5. gr.**

Að öðru leyti en hér að framan greinir skal, á hverjum tíma, fara eftir „Viðmiðunarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags“ sem gefnar eru út árlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, þann 12. nóvember 2009.

